

**FORSETABRÉF**

45

17. ágúst

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:*

Ég hef ákveðið, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda laugardaginn 2. september 1944, kl. 13,30.

*Ritað í Reykjavík, 17. ágúst 1944.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Björn Þórðarson.***AUGLÝSING**

46

23. ágúst

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Með því að forseti Íslands, herra Sveinn Björnsson, hefur í dag lagt af stað í heimsókn til forseta Bandaríkjanna, fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar, á meðan forsetinn er utanlands.

*Forsætisráðuneytinu, 23. ágúst 1944.***Björn Þórðarson.****AUGLÝSING**

47

2. sept.

um að forseti Íslands sé kominn úr utanför og hafi aftur tekið við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Sveinn Björnsson, kom í dag úr för sinni til Bandaríkja Norður-Ameríku og hefur aftur tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 2. september 1944.***Björn Þórðarson.**